AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr.	5 000.00
2.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	—	1 500.00
3.	Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	—	1 500.00
4.	Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	—	1 500.00
5.	Fyrir tilkynningu um, að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	—	300.00
6.	Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	—	2 200.00
7.	Fyrir fjármark	—	500.00
8.	Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	—	300.00
9.	Fyrir innköllun, þrjár birtingar	—	2 400.00
10.	Fyrir auglýsingu um skiptafund	—	1 000.00
11.	Fyrir einkaleyfisumsókn	—	1 000.00
12.	Fyrir ógildingarstefnu	—	2 400.00
13.	Fyrir dómsbirtingu	—	2 400.00
14.	Fyrir tilkynningu um iðjuleyfi	—	700.00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 210.00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 16. ágúst 1976. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 277 18. júní 1975, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. júní 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

22. júní 1976. Nr. 249.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 39/1970 um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Til þess að kandidat í læknisfræði geti átt rétt á að öðlast ótakmarkað lækningaleyfi og að heita læknir, skal hann að prófi loknu hafa lokið því framhaldsnámi, er hér greinir:

a) Hann skal hafa unnið kandidatsstörf eða samsvarandi aðstoðarlæknisstörf á viðurkenndu deildaskiptu sjúkrahúsi (eða sjúkrahúsum) í samtals 12 mánuði. Þar af skal hann a. m. k. vinna í 2 mánuði á almennri lyflækningadeild og í 2 mánuði á almennri handlækningadeild, en a. m. k. skulu 9 mánuðir vera unnir

á klíniskum deildum og mest 3 mánuði á rannsóknardeildum. Lágmarkstími á deild skal vera 2 mánuðir.

Í stað starfa á deildaskiptu sjúkrahúsi má koma starf á óskiptu sjúkrahúsi, sem stjórn læknadeildar viðurkennir.

Kandidötum, sem útskrifast hafa samkvæmt eldri reglugerð læknadeildar Háskóla Íslands skulu vinna a. m. k. í einn mánuð á fæðinga- og kvensjúkdómadeild.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. læknalaga nr. 80 23. júní 1969 öðlast gildi 1. júlí 1976.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. júní 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.